

1990 nr. 38 15. maí**Lög um stjórn fiskveiða**

Tóku gildi 18. maí 1990, komu til framkvæmda 1. janúar 1991. Breytt með 1. 36/1992 (tóku gildi 10. júní 1992, komu til framkvæmda 1. sept. 1992), 1. 87/1994 (tóku gildi 3. júní 1994, nema 7. gr. sem tók gildi 1. jan. 1996; ákvæði laganna komu til framkvæmda í samræmi við fyrirmæli 14. gr. þeirra), 1. 83/1995 (tóku gildi 21. júní 1995; ákvæði laganna komu til framkvæmda í samræmi við fyrirmæli 6. gr. þeirra), 1. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; ákvæði laganna komu til framkvæmda í samræmi við fyrirmæli 59. gr. þeirra), 1. 16/1996 (tóku gildi 15. apríl 1996), 1. 57/1996 (tóku gildi 11. júní 1996), 1. 105/1996 (tóku gildi 1. sept. 1996, nema 2. gr. sem tók gildi 27. júní 1996), 1. 79/1997 (tóku gildi 6. júní 1997, komu til framkvæmda 1. jan. 1998), 1. 133/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), 1. 144/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), 1. 12/1998 (tóku gildi 1. sept. 1998), 1. 27/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998), 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 1/1999 (tóku gildi 15. jan. 1999), 1. 9/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), 1. 34/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 93/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), 1. 14/2001 (tóku gildi 1. sept. 2001), 1. 34/2001 (tóku gildi 1. júní 2001), 1. 129/2001 (tóku gildi 21. des. 2001), 1. 3/2002 (tóku gildi 31. jan. 2002) og 1. 85/2002 (tóku gildi í samræmi við fyrirmæli 17. gr. laganna).

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Nyttjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

■ **2. gr.** Til nyttjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskrri fiskveiðilandhelgi og sérlæg gilda ekki um.

□ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöru- borði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nyttjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. [Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.]¹⁾

□ Leyfður heildarafla botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafla fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, . . .²⁾ Heildarafla annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

¹⁾ L. 85/2002, 1. gr. ²⁾ L. 105/1996, 1. gr.

II. kafli. Veiðileyfi og aflamark.

■ **4. gr.** Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ **5. gr.** [Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sér-

staka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. [Á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með krókaaflamarki eða leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 129/2001, 1. gr. ²⁾ L. 1/1999, 1. gr.

■ **6. gr.** [Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsveiða í net.

□ Sameiginlegur viðmiðunarþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera 0,67% af leyfilegum heildarafla í þorski, að teknu tilliti til þeirrar aukningar sem leiðir af 5. mgr. a-liðar 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001. Leyfilegir sóknardagar í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 skulu vera 23. Fjöldi leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárunum þar á eftir skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár á grundvelli hlutfalls milli viðmiðunarþorskafla skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og raunafla sóknardagabáta í þorski á næstliðnu fiskveiðiári og skal sóknardögum fækka eða fjölga í sama hlutfalli. Sóknardögum hvers báts skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 10% milli fiskveiðiára.

□ Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirkri tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

□ Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatak-mörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáruna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

□ Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.¹⁾

¹⁾ L. 3/2002, 1. gr.

■ **[6. gr. a.** Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fényta á annan hátt.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks [eða krókaafamarks]¹⁾ og veiðidagar ekki til sóknardaga, enda sé aflinn einungis fénytur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.²⁾

¹⁾ L. 1/1999, 3. gr. ²⁾ L. 105/1996, 4. gr.

■ **[6. gr. b.** Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaafamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaafamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaafamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.¹⁾

¹⁾ L. 129/2001, 2. gr.

■ **7. gr.** Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri [og veiðitíma].¹⁾

□ Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafl er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára . . .¹⁾

□ [Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá:

1. [Áætlaðan afla báta sem stunda veiðar með dagatakörkunum.]²⁾

2. . . .³⁾

3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.]⁴⁾

□ Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal [Fiskistofa]⁵⁾ senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

□ [Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaafahlutdeild og krókaafamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.]⁶⁾

¹⁾ L. 85/2002, 2. gr. ²⁾ L. 1/1999, 4. gr. ³⁾ L. 105/1996, 5. gr. ⁴⁾ L. 87/1994, 3. gr. ⁵⁾ L. 36/1992, 6. gr. ⁶⁾ L. 129/2001, 3. gr.

■ **8. gr.** Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. [Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.]¹⁾

□ Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð

eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

¹⁾ L. 85/2002, 3. gr.

■ **9. gr.** [Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

□ Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.]¹⁾

□ [Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa miðað við óslægðan fisk til krókaafamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 4. gr. ²⁾ L. 129/2001, 4. gr.

■ **[9. gr. a.** Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafli á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskafamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 5. gr. Samsvarandi ákvæði var áður í 1. mgr. brbákv. XXV. Yfirferla þess til almenns ákvæðis í lögnum stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna, sbr. 2. mgr. 17. gr. l. 85/2002.

■ **10. gr.** [Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðiefirlitsgjald. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó

ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botn-fiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski.]¹⁾

□ Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skipa sem flutt er til.

□ [Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, [10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðar-rækju]²⁾ frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.]³⁾

□ [Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar og úthafs-rækju og 3% umfram aflamark innfjarðar-rækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafi frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.]⁴⁾

□ Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

□ ...⁵⁾ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

□ Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skipa er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

¹⁾ L. 14/2001, 1. gr. ²⁾ L. 16/1996, 1. gr. ³⁾ L. 87/1994, 5. gr. ⁴⁾ L. 16/1996, 2. gr. ⁵⁾ L. 105/1996, 6. gr.

■ **11. gr.** Sé rekstri skipa hætt, sbr. ...¹⁾ 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldri skipa, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

□ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

□ Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

□ Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um sölu. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

□ Heimilt er að framselja aflahlutdeild skipa að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skipa, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðheimildir þess skipa, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetugu þess. [Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir [15 brúttótonnum],²⁾ enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.]³⁾ Tafariðlaust skal leita staðfestingar [Fiskistofu]⁴⁾ á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra

marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting [Fiskistofu]⁴⁾ liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skipa, sem rekja má til uppboða samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

¹⁾ L. 133/1997, 2. gr. ²⁾ L. 85/2002, 6. gr. ³⁾ L. 129/2001, 5. gr. ⁴⁾ L. 36/1992, 8. gr.

■ **[11. gr. a.** [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samánlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinnna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafs-rækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs herra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samánlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

□ Þá má samánlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

□ Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

□ Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1.

eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 7. gr. ²⁾ L. 27/1998, 1. gr.

■ **[11. gr. b.** Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í [1. eða 2. mgr.]¹⁾ 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

□ Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframafhlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframafhlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeilda í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækunar aflahlutdeilda fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 8. gr. ²⁾ L. 27/1998, 2. gr.

■ **12. gr.** [[Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimplir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.]¹⁾

□ [Tilkynna skal Fiskistofu ...¹⁾ um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð,

nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

□ Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

□ Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.]²⁾

□ [Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]³⁾ [Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.]⁴⁾ Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

□ Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur affli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeilda ...³⁾ samkvæmt þessari grein.

□ [Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.]¹⁾ [Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.]⁴⁾ [Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjúkróns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.]¹⁾⁵⁾

□ [Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir [15 brúttótonnum],¹⁾ enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.]⁶⁾

¹⁾ L. 85/2002, 9. gr. ²⁾ L. 34/2001, 6. gr. ³⁾ L. 1/1999, 6. gr. ⁴⁾ L. 34/2000, 4. gr. ⁵⁾ L. 12/1998, 1. gr. ⁶⁾ L. 129/2001, 6. gr.

III. kafli. Framkvæmd og eftirlit.

■ **13. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.¹⁾

¹⁾ Rg. 481/1990 og 499/1990. Rg. 58/1996, sbr. 172/1997. Rg. 414/1994, sbr. 452/1994. Rg. 492/1993, sbr. 482/1994. Rg. 612/1994. Rg. 310/1995. Rg. 511/1998, sbr. 448/1999, rg. 522/1998, sbr. 749/1999, 214/2000 og 65/2002; rg. 447/1999, rg. 910/2001, rg. 278/2002.

■ **14. gr.** ...¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 10. gr.

■ **15. gr.** Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem [Fiskistofa]¹⁾ leggur til. Skal með reglugerð²⁾ kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til [Fiskistofu].¹⁾

□ Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, [lánastofnunum og opinberum stofnunum],³⁾ er skylt að láta ráðuneytinu eða [Fiskistofu]¹⁾ ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

□ [Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Áfrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.]³⁾

¹⁾ L. 36/1992, 10. gr. ²⁾ Rg. 303/1999. ³⁾ L. 85/2002, 11. gr.

■ 16. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 31. gr.

■ 17. gr. [Fiskistofa]¹⁾ annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

□ Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976²⁾ og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.³⁾

□ Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusólum fiskverkana og birgðageymslum.

□ [Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.]⁴⁾

¹⁾ L. 36/1992, 12. gr. ²⁾ Nú l. 79/1997. ³⁾ Erbr. 87/1995. ⁴⁾ L. 83/1995, 5. gr.

■ 18. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 34/2000, 5. gr.

[IV. kafli. Þorskígildi]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [19. gr. Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. másl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l.

[V. kafli. Veiðigjald.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [20. gr. Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

□ Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l.

■ [21. gr. Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olúkostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

□ Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

□ Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olúkostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasölu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysliverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

□ Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. másl. í krónum á þorskígildiskílógramm.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l. Þó skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009, sbr. 5. mgr. sömu greinar.

■ [22. gr. Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 21. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

□ Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. másl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l.

■ [23. gr. Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðheimildir séu ekki nýttar.

□ Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

□ Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskgildi sem aflaheimildir skips skerðast um.¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. Greinin öðlast gildi 1. september 2004, sbr. 4. mgr. 17. gr. s.l.

[VI. kafli.]¹⁾ Viðurlög o.fl.

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [24. gr.]¹⁾ [Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nýttastofna sjávar.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 57/1996, 26. gr.

■ [25. gr.]¹⁾ [Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða . . . ²⁾ fangelsi allt að sex árum.

□ Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

□ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.³⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 82/1998, 195. gr. ³⁾ L. 57/1996, 27. gr.

■ [[25. gr. a.]¹⁾ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir [ákvæði 1. mgr. 25. gr.]²⁾ má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lög-aðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.]³⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 85/2002, 13. gr. ³⁾ L. 57/1996, 28. gr.

■ [[25. gr. b.]¹⁾ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.]²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 57/1996, 29. gr.

[VII. kafli.]¹⁾ Ýmis ákvæði.

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [26. gr.]¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr. ²⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ [27. gr.]¹⁾ . . .

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

■ [28. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. . . .

¹⁾ L. 85/2002, 12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða. . . .

■ I.–VIII. . . .

■ [IX. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 87/1994, brbákv.

■ [X. Á fiskveiðiarunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við

óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 3. mgr. 7. gr.

□ Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðiarinu 1991/1992 til þess fiskveiðiárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ráðherra skal með reglugerð¹⁾ kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að litíð skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeildar milli skipa.

□ Á fiskveiðiarinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

□ Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðiára.]²⁾

¹⁾ Rg. 446/1998. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. I.

■ [XI. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, 2. gr. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. II.

■ [XII. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 83/1995, brbákv. III.

■ [XIII. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 144/1995, 14. gr.

■ [XIV. Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. I.

■ [XV. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. II.

■ [XVI. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 133/1997, brbákv.

■ [XVII. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. I.

■ [XVIII. . . .]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. II.

■ [XIX. Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif löggin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.]¹⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbákv. I.

■ **[XX.** Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 12/1998, brbák. II.

■ **[XXI.** Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilkynna aðila hver umframafhlutdeild hans er og gildir 2. mgr. 2. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframafhlutdeildinni og áhrif þess að umframafhlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.]¹⁾

¹⁾ L. 27/1998, brbák. I.

■ **[XXII.** Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.]¹⁾

¹⁾ L. 27/1998, brbák. II.

■ **[XXIII.** Bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmarkunum eða þorskaflahámarki, krókabátar, skulu á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ stunda veiðar samkvæmt þessu ákvæði.

□ Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

□ Heildarþorskafli viðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafli. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%, heildarþorskafli viðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmarkunum og nota línu og handfæri 0,18% og heildarþorskafli viðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmarkunum og nota handfæri eingöngu 0,93%.

□ Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiaráðs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutaðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. [Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiaráði yfir til þess næsta á eftir.]¹⁾ Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiaráð, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmarkunum.

□ Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslíð 2. mgr. þessa ákvæðis, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háfiskum, séu utan sóknardaga.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmarkunum og nota línu og handfæri skal vera 32 [á hverju fiskveiðiaráði].¹⁾ Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýtttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskafli hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestrir á [hverju fiskveiðiaráði]¹⁾ miðað við óslægðan fisk.

□ Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakmarkunum og nota handfæri eingöngu skal vera 40 [á hverju fiskveiðiaráði].¹⁾ Þó skal þorskafli hvers báts eigi vera meiri en 30 lestrir á [hverju fiskveiðiaráði]¹⁾ miðað við óslægðan fisk.

□ Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

□ Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

□ Ráðherra getur ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001].¹⁾

□ Áætlaðan afla krókabáta [á fiskveiðiarunum 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ skal draga frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

□ ...²⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis skal þeim bátum sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakmarkunum gefast kostur á að velja að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laganna, enda hafi þeir tilkynnt Fiskistofu um val sitt fyrir [15. apríl 1999].³⁾ Á fiskveiðiarunum [1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001]¹⁾ skal þessum bátum heimilt að stunda veiðar í 23 sóknardaga án takmarkana á heildarafla. Að öðru leyti gildir bráðabirgðaákvæði þetta um veiðar þessara báta.]⁴⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafllamark frá og með fiskveiðiarinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og [til 1. september 2001].¹⁾ Úthlutað þorskaflahámark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaafllamark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki, þar með talið um framsal þorskaflahámarksins. Á fiskveiðiarinu 1998/1999 skal draga frá úthlutaðu þorskaflahámarki þann þorskafli sem bátur skv. 1.

másl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutuðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrr en flutt hefur verið á hann þorskaflahámark sem samsvarar umframveði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. másl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbít skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmarkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.³⁾

□ [Hafi krókaafahlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiarinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmörkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskafahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaafamarki.]¹⁾

¹⁾ L. 93/2000, 2. gr. ²⁾ L. 34/2000, 6. gr. ³⁾ L. 9/1999, 2. gr. ⁴⁾ L. 1/1999, brbákv. I.

■ [XXIV. Fyrir upphaf fiskveiðisins 1999/2000 skal krókabátum úthlutað aflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði. □ Bátar sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skulu fá úthlutað aflahlutdeild í þorski miðað við þá hlutdeild sem aflahámark bátsins er í þeim 12,64% af hámarksþorskafli sem í hlut þessa bátaflokks hefur komið.

□ Þeirri 0,18% hlutdeild í hámarksþorskafli sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakmarkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 95 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiarin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

□ Þeirri 0,93% hlutdeild í hámarksþorskafli sem komið hefur í hlut báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu með dagatakmarkunum, auk aflahlutdeildar í þorski sem nemur 506 lestum miðað við óslægðan fisk, skal skipt milli báta á grundvelli aflareynslu þannig að 80% séu miðuð við aflareynslu fiskveiðiarin 1996/1997 og 1997/1998 og 20% séu miðuð við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skal enginn bátur fá minni aflaheimild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

□ Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksafli af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2.–4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal afli árið 1998 margfaldaður með tveimur. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmarkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.

□ ...¹⁾²⁾

□ ...¹⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögina er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaaf-

marki á fiskveiðiarinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögina er heimilt að velja veiðileyfi með krókaafamarki á fiskveiðiarinu 2000/2001 saki þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. júní 2000, en úthlutað krókaafamark þeirra getur þó aldrei orðið herra en sem leiðir af krókaafahlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaafahlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaafahlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaafamarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. júní 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaafahlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.]³⁾

¹⁾ L. 129/2001, 8. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. II. ³⁾ L. 93/2000, 3. gr.

■ [XXV. ...¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 14. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. III.

■ [XXVI. Á fiskveiðiarunum 1999/2000 til og með fiskveiðisins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessarar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda.

□ [Í lok fiskveiðisins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2002, 15. gr. ²⁾ L. 1/1999, brbákv. IV.

■ [XXVII. Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðisins 2000/2001.]¹⁾

¹⁾ L. 1/1999, brbákv. V.

■ [XXVIII. Á fiskveiðiarinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaafamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiarinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaafamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarkskipa skerðast sem því nemur. Hluttur krókaafamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeilda vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

□ Bátum sem krókaafamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

□ Á fiskveiðiarinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum

með krókaafmarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

□ Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

□ Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaafmarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátum krókaafhlutdeild eða krókaafmark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaafmarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.]¹⁾

¹⁾ L. 129/2001, 7. gr.

■ [XXIX. Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.

2. Afinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

□ Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem afinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frá-dregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.]¹⁾

¹⁾ L. 129/2001, 7. gr.

■ [XXX. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaafmark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 16. gr.

■ [XXXI. Á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2002, 16. gr.